



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir veitingastað; krá (The Drunk Rabbit) að Austurstræti 3, F2002618, rými 010101 og 010102.

Nafn leyfishafa: Sveitta kanínan ehf.

Heimilisfang: Austurstræti 3

Póstnúmer: 101

Kennitala: 450525-0810

Útgáfudagur leyfis: 18. júní 2025

Gildir til: 18. júní 2037

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfis-skilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með *Starfsleyfis-skilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *Reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða*. Vegna grenndaráhrifa er notkun hátalara á útisvæði bönnuð. Á staðnum er eingöngu heimilt að spila lágstemmda tónlist.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 18. júní 2025


HEILBRIGÐISEFTIRLIT
REYKJAVÍKUR



Greinargerð með starfsleyfi fyrir veitingastað/krá The Drunk Rabbit að Austurstræti 3.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur auglýsti drög að starfsleyfi fyrir veitingastað; tegund krá, The Drunk Rabbit að Austurstræti 3 þann 12. maí 2025 ásamt eftirtöldum gögnum: Umsókn um starfsleyfi, Umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, Starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði og jákvæðri umsögn byggingarfulltrúa um að húsnæði og fyrirhuguð starfsemi veitingastaðarins séu í samræmi við byggingarreglugerð og skipulag.

Frestur til að koma með skriflegar athugasemdir var til 16. júní 2025. Umsækjandi um starfsleyfi er Sveitta Kanínan ehf. kt.:450525-0810.

Engar athugasemdir bárust vegna fyrirhugaðs rekstrar veitingahúss að Austurstræti 3.

Umsókn Sveittu Kaníununnar ehf., kt. 450525-0810, dags. 12. maí 2025, að loknu auglýsingaferli, var lögð fyrir 1838. afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 18. júní 2025, um starfsleyfi fyrir veitingastað; krá (The Drunk Rabbit) að Austurstræti 3, F2002618, rými 010101, 010102. Eigendaskipti. Samþykkt var að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða*.

Reykjavík 8. júlí 2025